



# Stjórnarfundur UMF Samherja

Fundarboðandi:	Indíana Ósk Magnúsdóttir	Fundarstaður:	Hrafnagilsskóli
Fundarstjóri:	Indíana Ósk Magnúsdóttir	Dagsetning:	16.04 2012
Fundarritari:	Karl Karlsson	Fundartími:	20.15 – 22.00
Gerð fundar:	<b>Almennur stjórnarfundur</b>		

Þátttakendur: Stjórnarmenn: Einar Geirsson, Indíana Ósk Magnúsdóttir, Karl Karlsson, Lilja Rós Rögnvaldsdóttir, Sigurður Eiríksson.  
Varamaður í stjórn: Pétur Elvar Sigurðsson

## Dagskrá

1. Páskaeggjalottó
2. Sumaræfingar í frjálsum og knattspyrnu
3. Íbúakönnun
4. Vorfundur
5. Gerð kynningarbæklings til að afhenda nemendum við skólaslit
6. Handbók fyrir foreldraráð
7. Önnur Mál

## Ákvarðanir og umræður

1. Páskaeggjalottó:  
LRR kynnti hvernig til tókst og gjaldkera afhent uppgjör. Ágóði um 75.000 kr.
2. Sumaræfingar í frjálsum og knattspyrnu:  
Þjálfaramál ekki frágengin. EG (frjálsar) og ÍÓM (knattspyrna) munu á allra næstu dögum ræða við foreldraráð og leggja fram tillögur á næsta fundi.  
PES verður ÍÓM innan handar varðandi mál er tengjast knattspyrnunni en endurmanna þarf foreldraráð. Rætt að breyta e.t.v. fyrirkomulagi æfinga og færa fótboltaæfingar yfir á kvöldin. Þegar gengið hefur verið frá þjálfaramálum verður fljótlega að huga að því hvaða mót verður stefnt á að sækja. Áætlað að hafa tímatöflu tilbúna í síðasta lagi 10. Maí.
3. Íbúakönnun:  
ÍÓM viðraði hugmyndir um að setja saman spurningalista og afla þannig upplýsinga um viðhorf til sumarstarfsins. Samþykkt að ÍÓM geri drög að könnun sem áætlað er að verði senda út fyrir lok næstu viku.
4. Vorfundur:  
Áætlað að halda vorfund í lok maí, kynna þar sumarstarfið og fara yfir önnur mál er snerta hagsmuni félagsins.
5. Gerð kynningarbæklings til að afhenda nemendum við skólaslit:  
Þarf að vera tilbúin í lok maí. SE mun útvega rafræna útgáfu eldri bæklings og KK falið að vinna drög að uppfærðum bæklingi þegar frekari uppl. varðandi sumarið liggja fyrir.
6. Handbók fyrir foreldraráð:  
Ákveðið að senda eldri útgáfu til allra nefndarmanna til yfirlstrar og uppfærslu eftir þörfum.

7. Önnur Mál:

- a. Fulltrúi á ársþing Badminton sambands Íslands 2012:  
KK athugar áhuga á þátttöku en þingið verður haldið 27. apríl n.k. í Reykjavík.
- b. Beiðni um tækjakaup:  
KK leggur fram beiðni badmintonþjálfara varðandi kaup á talningaspjöldum og kaðalstigum. Erindinu verður vísað áfram til Ingibjargar Ísaksdóttur íþróttá og tómstundafulltrúa.
- c. Áhugi annarra til leigu á íþróttavelli:  
Gjaldkeri ræðir við Ingibjörgu Ísaksdóttur um tilhögun leigu á grassvæði.
- d. Tillaga um að koma af stað árlegu happdrætti:  
SE mun vinna með hugmyndina áfram og kynna fyrir stjórninni.
- e. Samherjar á Facebook:  
Ákveðið að setja upp Facebook síðu undir nafni Samherja. PES falið að ganga í málið.
- f. Samstarfssamningur Eyjafjarðarsveitar og UMF Samherja.  
Endurvekja þarf vinnu við endurnýjun samstarfssamnings.

Fleira ekki gert og fundi slitið

